



Greining á útfellingasýni frá Hitaveitu Blönduóss

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-92-11

GREINING Á ÚTFELLINGASÝNI FRÁ HITAVEITU BLÖNDUÓSS

Sýni af útfellingu úr bakrennislögn hitaveitulagnar í húsi á Blönduósi var sent Orkustofnun til greiningar í lok október s.l. og er hér greint frá niðurstöðum þeirrar athugunar.

Rörið, sem sendur var bútur af, var nær stíflað af efni, sem myndaði eins konar "pylsu" eða "tappa" og leit út fyrir að vera að mestu leyti lífrænt efni og lykt benti til að um efni úr skolplögn hefði getað verið að ræða. Efnið var þurrkað í hitaskáp og skrapp við það verulega saman. Við þurrkunina sat eftir þunn húð af ljósri útfellingu og ryðskán á rörveggnum. Ljósá útfellingin reyndist við greiningu vera kalk. Í þurrkaða sýninu reyndust vera leifar af hampi, sandkorn og ryð, auk svolítills kalks, en mestur massi var af lífrænu efni. Efnið var síðan brennt í glæðiofni og vegin óbrunninn afgangur. Rörfyllingin reyndist vera að miklu leyti úr lífrænu efni, eða 50-70 % eftir sýnum. Við höfðum því miður ekki tæk á að fá greiningu á gerð þeirra lífvera, sem þarna hafa vaxið, en líkega er um einhvers konar bakteríur að ræða.

Niðurstaða okkar af þessari athugun er sú að hampleifar, sandur og fleira drasl hafi sest til við útvíkkun í frárennislörri og þar hafi orðið gróðrarstía fyrir bakteríur, sem hafi í hægu rennsli náð góðum vaxtarskilyrðum, enda kjörhiti í bakrennislisvatninu fyrir slíkt. Þetta er alls ekki óeðlilegt að gerist við skilyrði eins og þarna virðast hafa ríkt. Stíflan hefur hins vegar ekkert að gera með eiginleika vatnsins né kerfi Hitaveitunnar sjálfrar, heldur verður hún til vegna frágangs í húskefinu.